

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	23.04.2019
Málalýkill	10.32
Mál nr.	1904290

Hestamannafélagið Sprettur



Bæjarráð Garðabæjar

Bæjarstjóri Gunnar Einarsson

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Kópavogi 20.04.2019

Efni:

Reiðvegur með Elliðavatnsvegi um Urriðaholt.

Ágæta bæjarráð hestamenn hafa verulegar áhyggjur af öryggi sínu á reiðvegi um Urriðaholt vegna framkvæmda sem þar eiga sér stað.

Reiðvegur um ofangreint svæði var lagður af Vegagerðinni og hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu þegar Elliðavatnsvegur var lagður bundnu slitlagi um eða upp úr 1990. Reiðvegurinn var lagður með samþykki Garðabæjar, var og er á aðalskipulagi. Reiðvegurinn er á veghelgunarsvæði Elliðavatnsvegar sem er undir forsjá Vegagerðarinnar. Fyrir fáum árum var gerð mön milli reiðvegarinnis og fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Urriðaholti. Skilyrt var af Vegagerðinni að ekki yrði hróflað við reiðveginum vegna framkvæmda í Urriðaholti, það hefur ekki gengið eftir.

Staðan er sú í dag að verulega hefur þrengt að reiðveginum, mönin sem getið er hér að framan er horfin og djúpir skurðið komnir í staðin. Það hafa verið miklar framkvæmdir undanfarið við frárennslislagnir, gatnagerð ofl. Mikil hætta getur skapast við þessar aðstæður, 1/2 - 1 mtr. í 2 - 4 mtr. djúpa skurði. Á um 300 mtr. kafla hefur efni verið tippað á reiðvegin þannig að breidd á honum þar er rétt um 1/2 mtr. eða rétt bara sem sporaslóð og útilokað að mæta annarri hestaumferð þar. Það segir sig sjálft að af þessu er mikil slyshætta því á hina höndina eru um 2 mtr. í bílaumferð sem er á allt að 90 km hraða. Það þarf ekki mikið útaf að bera til að illa geti farið.

Við þetta getur ekki gengið, slyshætta er mikil og afar brýnt er að varanleg lausn sé fundin fyrir framtíðarskipan reiðvegamála milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Sprettis hefur í samráði við stjórn félagsins ákveðið að loka reiðveginum um Urriðaholt fyrir hestaumferð meðan ríkjandi ástand er á og við reiðvegin.

Hestamenn eru ávallt reiðubúnir til viðræðna og að leita lausna vegna reiðvega og öryggismála þeim tengd.

Virðingarfyllt

Halldór H. Halldórsson

Halldór H. Halldórsson

Reiðveganefnd Sprettis

Fylgiskjöl; ljósmyndir af ástandi reiðvegar um Urriðaholt.